

Ufsi:

Slægður með haus	kr. 0.34	hvert kg	
Slægður og hauseður	— 0.45	—	—

21

9. febr.

Skötubörð:

Stór	— 0.50	—	—
Smá	— 0.35	—	—

Steinbítur:

Í nothæfu standi, slægður með haus	— 0.45	—	—
--	--------	---	---

Skarkoli og þykkvalúra:

I. 1¼ lb. og þar yfir	— 1.80	—	—
II. ¾ lb. til 1¼ lb.	— 1.50	—	—
III. 250 g til ¾ lb.	— 1.10	—	—

Lúða:

Lúða undir 15 kg	— 1.80	—	—
Stórkjasta, langlúra og grálúða	— 1.00	—	—
Háfur	— 0.20	—	—

Ákvæði þessi gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1949.

Jóhann P. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

22

15. febr.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarkauptún, nr. 130 12. júlí 1939, sbr. auglýsingu nr. 138 28. október 1946.

1. gr.

I staðinn fyrir „lestagjald 20 aura af hverri nettó smálest“ í staflíð a. í 14. gr. II. reglugerðarinnar, komi: lestagjald 40 aura af hverri nettó smálest.

2. gr.

Fyrri málsg. staflíðs c. í 14. gr. II. orðist svo:

- c. Vörugjald: Af vörum, sem fluttar eru í land á Þórshöfn eða skipað þaðan út, enn fremur vörum, sem fluttar eru milli skipa í höfninni, skal greiða gjald, sem hér segir:
1. Af salti, kolum og sementi 8 krónur af hverri smálest.
 2. Af timbri 16 aura af teningsfeti.
 3. Af öllum öðrum aðfluttum vörum 12 krónur af hverri smálest.
 4. Af útfluttum vörum, saltfiski, saltkjöti, lýsi, síld, görnnum, hrognum og endursendum umbúðum 8 krónur af smálest.
 5. Af útfluttum ísfiski 6 krónur af smálest.
 6. Af öðrum útfluttum vörum 12 krónur af smálest.

22 Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 15. febr. 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. febrúar 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

23

14. febr.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Grindavíkur er fyrirtæki, sem Grindavíkurhreppur starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Grindavíkurhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Grindavíkur og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Grindavíkur aflar raforku til almenningsþarfa í Grindavíkurhreppi með því að kaupa raforku frá rafmagnsveitum ríkisins, svo og vinna hana sjálf í orkuverum, er síðar kunna að verða reist, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Grindavíkurhrepps og á hluti nágrennis hreppsins, sem hreppstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Grindavíkur hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hreppsnefndin skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefndin setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdarstjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.